

116. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi mánudaginn 19. desember 2022. Fundur hófst kl. 16:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir og Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarfélagsins Bergs ses. Lovísa María Sigurgeirsdóttir tók þátt á fjarfundi.

Dagskrá:

1. Breyting á skipulagsskrá Menningarfélagsins Bergs ses.

Stjórnin staðfestir skipulagsskrána eins og hún var samþykkt af stofnaðilum á aukafundi Menningarfélagsins Bergs ses þann 6. desember 2022.

2. Samningur um yfirfærslu á rekstri Menningarhússins Bergs frá Menningarfélaginu Bergi ses til Dalvíkurbyggðar.

Fyrir fundinum lágu drög að yfirtökusamningi sem voru samþykkt á fundi byggðaráðs þann 15. desember s.l. Stjórnin samþykkir drögin með þeim fyrirvara að nauðsynlegt er að í samningnum komi fram að Dalvíkurbyggð tekur yfir greiðslur á stefgjöldum, leyfi fyrir posa, kassakerfi, línuleigu, heilbrigðiseftirlitsgjald og annan fastan kostnað er varðar veitingaleyfið.

Fundi slitið kl. 16:50.